

Lög

um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (framlagning mála).

1. gr.

Í stað ártalsins „2019“ í ákvæði til bráðabirgða III í lögnum kemur: 2020.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 10. gr. skulu tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025 og tillaga til þingsályktunar um breytingar á fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022 lagðar fram eigi síðar en á samkomudegi reglulegs Alþingis haustið 2020.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 15. júní 2020.